

	Kr.
	Flutt 741,13
4. Fyrir hirðing kirkju og skrudá . . . . .	2,50
5. Í sjóði hjá fjárhaldsmanni í fardögum 1887 . . . . .	117,02
	<hr/> 870,65

Skrifstofu norður- og austuramtsins, Akureyri 14. maí 1888.

*J. Havsteen.*

### Amtsráðsfundaskýrslur.

Fundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu 16. apríl 1888.

Ár 1888, 16. dag aprílmán., var aukafundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, amtmanni J. Havsteen, með amtsráðsmönnum Einari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og Benidikt umboðsmanni Blöndal í Hvammi.

Mál þau, er til umræðu komu á fundinum voru þessi:

1. Forseti gat þess fyrst, að tilefnið til aukafundar þessa hefði verið, að amtsráðið gæti sem fyrst látið uppi tillögur sínar um, hvar aðalpóstvegur skyldi liggja um amtið, og ákveða hvar sýsluvegir skyldu liggja um hverja sýslu, sbr. 6. og 9. gr. í lögum 10. nóvbr. 1887 um vegi. Þess vegna hefði hann með brjefum, dagsettum 5. jan. p. á., skrifað öllum sýslumönnum, og skorað á þá að senda sjer hjer að lútandi tillögur sýslunefnda með póstum þeim, sem hingað ættu að koma í byrjun aprílmán., og skýrt þeim frá, að amtsráðsfundur yrði haldinn í miðjum apríl. Þótt amtsbrjef þessi hefðu hlotið að komast í hendur sýslumanna fyrir janúarlok, voru engin skeyti um mál þetta komin frá sýslunefndunum í Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, en sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hafði skýrt svo frá, að sýslunefndarfundur, sem stofnað hefði verið til 20. marz p. á., hefði farizt fyrir vegna undangenginna hrída og ófærðar. (Framh.).

#### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1888 og 1889.

10. gr. C. 4.

Samkvæmt meðmælum hlutaðeigandi amtmanns voru samþykktar tillögur:

sýslunefndarinnar í Dalasýslu um að verja 220 kr. (sbr. Stj.tíð. p. á. B. bls. 16) þannig, að búnaðarfjelag Hvammssveitar fái 60 kr., búnaðarfjelag Laxárdals og Saurbæjar 40 kr. hvort um sig og búnaðarfjelag Fellsstrandar 20 kr. Ennfremur skyldu Skarðsstrandar-, Haukadals- og Miðdalahreppum, þar sem búnaðarfjelog ekki eru enn fullstofnuð, en stofnun slikra fjelaga þegar byrjuð, samkvæmt skýrslu sýslunefndarinnar, veitast hverjum um sig 20 kr.

sýslunefndarinnar í Strandasýslu um að verja 140 kr. (sbr. Stj.tíð. p. á. B. bls. 16) til verðlauna fyrir jarðabætur, sem framkvæmdar verða á næstkomandi sumri í sýslunni, eptir reglum þeim, sem sýslunefndin hefur þar um samið.

sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu um að verja af fje því, sem ræðir um í augl. landshöfðingja 22. febrúar 1888 (sbr. Stj.tíð. p. á. B. bls. 16), 100 kr. til að launa búfræðingi í Kjósarhreppi og öðrum 100 kr. til að launa búfræðingi í Kjalarness- og Mosfells hreppum.

#### EMBÆTTISSKIPUN.

25. júní veitti landshöfðingi cand. theol. Jóni Arasyni Þóroddstaðar prestakall í Suður-Þingeyjar prófastsdæmi, eptir að tillögu hlutaðeigandi safnaðar hafði verið um það leitað.

30. s. m. veitti landihöfðingi læknaskólakandidat Guðmundi B. Scheving þóknun sem auka-lækni á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði, frá 1. júlí p. á. að telja.

## Út komið í A-deild Stjórnartíðindanna.

*Auglýsing* um bólusótt í Egegnisund í Noregi og í Grimsby og um bann gegn innflutningi á ýmsum hlutum þaðan til Íslands o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 29. maí 1888 (A. nr. 5, bls. 28—29).

*Lög um bátafiski á fjörðum*, undirskrifuð af konungi 19. júní 1888 (A. nr. 6, bls. 30—31).

*Lög um síldveiði fjelaga í landhelgi*, undirskrifuð af konungi 19. júní 1888 (A. nr. 7, bls. 32—33).

## Amtsráðsfundaskýrslur.

70

Fundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu 16. apríl 1888.

(Famhald).

Amtsráðið gat þannig eigi nú á þessum aukafundi sínum rætt vegamálið, nema að því leyti, er snerti Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu, og ljet uppi tillögur sínar um, hvar aðalpóstvegur skyldi liggja um þessar sýslur. Ennfremur ræddi ráðið tillögur sýslunefnda í þessum þremur sýslum um sýsluvegi og samþykkti þær.

Forseti skýrði frá vegagjörðum á fjallvegum 1887, og fjárveitingum á yfirstandandi ári til vegarins á Vaðlaheiði og til endurbóta á veginum yfir Öxnadalshaiði, sem í haust, er var, hafði orðið fyrir skemmdum af skriðum.

2. Reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs norður- og austuramtsins 1887, ásamt fylgiskjölum, var framlagður og endurskoðaður. — Ráðið samþykkti reikninginn.
3. Framlagðar voru skýrslur um Hljeskógaskólann í Grýtubakkahreppi, og skýrði umsjónarmaður skólans frá, að 18 námssveinar væru á skólanum í vetur. Amtsráðið veitti skólanum 200 kr. úr jafnaðarsjóði.
4. Framlagðir voru eptirfylgjandi reikningar fyrir 1887 yfir tekjur og gjöld ýmissa sjóða, sem standa undir umsjón amtsráðsins.
  - a. Búnaðarsjóðs norður- og austuramtsins.
  - b. Búnaðarskólasjóðsins.
  - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munadarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
  - d. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafjarðarhreppi.
  - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn.
  - f. Prentsmiðjusjóðs norður- og austuramtsins.

Amtsráðið ályktaði að það væri rjett, að færa til endilegra útgjalda í næsta reikningi yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðsins eða fella úr reikningnum vanguardið búnaðarskólagjald af brennisteinsnámum landssjóðs í Þingeyjarsýslu (Fremri- og Hlíðarnámum) fyrir 1886 og 1887, alls 4 kr. 68 a., úr því fjelag það, sem hafði námurnar til leigu, hefði misst leigurjett sinn síðast á árinu 1885, og námurnar hefðu eigi verið notaðar síðan (sbr. brjef landshöfðingja 27. maí 1881 og 3. sept. s. á., Stjórnartíðindi 1881, B, bls. 59—60 og 74—75). — Reikningarnir voru endurskoðaðir og samþykktir.

5. Út af fyrirspurn frá sýslunefndinni í Húnavatnssýslu um það, hvort eigi mundi kost. 23. dag júlímán. 1888.

70

ur á, að hjeraðslæknirinn í 8. læknishjæraði fengi kostnað sinn endurgoldinn úr jafnaðarsjóði amtsins við ferðir, sem hann færi til þess að sjá um að bóluæfni yrði kveymt í miðhreppum sýslunnar, er svo gætu sent bóluæfni út frá sjer, ljet amtsráðið í ljósi, að það að vísu byggist við, að hjeraðslæknirinn notaði þær ferðir, sem hann þyrfti að fara, til þess að efla bóluæfningar, eins og ráð væri fyrir gjört í kgsbrjefi 24. marz 1830, 2, en ef hjeraðslæknir tækist sjerstaka ferð á hendur í þessu skyni, þá mætti borga honum úr jafnaðarsjóðnum 2 kr. á dag í fæðispeninga auk ferðakostnaðar, eptir úrskurði amtsins, sbr. kansellibrjef 25. septbr. 1845 og 7. septbr. 1847.

6. Framlagður var reikningur yfir tekjur og gjöld bókasafns norður- og austuramtsins 1887, og var þessi reikningur yfirskodaður og fann amtsráðið að athuga, að skuld bókasafnsins við forstöðumann þess er í reikningnum fyrir 1886 talin 22 kr. 70 a., en í reikningnum fyrir 1887 22 kr. 53 a., er þá í sjóði við árslok 1887 129 kr. 75 a., en ekki 129 kr. 92 a.
7. a. Amtsráðið veitti umboðsmanni Einari Ásmundssyni í Nesi 300 kr. styrk úr búnaðarsjóði til þess að ferðast til iðnaðarsýningarinnar í Kaupmannahöfn á komandi sumri, til þess að líta eptir, hvort ekki mætti læra eitthvað þar, sem líkindi væru til að gæti orðið að gagni hjer á landi, ef athygli alþýðu væri leidd að því í prentaðri skýrslu, með því skilyrði, að sækjandi ritaði skýrslu um það sem hann sæi þar og álitu helzt eptirbreytnisvert fyrir landsmenn og kæmi henni á prent, til dæmis í búnaðartímariti Hermanns Jónassonar, eða þá í öðru tímariti.
- b. Bænarsskrá frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum um 500 kr. styrk úr búnaðarsjóði amtsins var framlögð. Amtsráðið gat því miður eigi, að minnsta kosti að svo stöddu, veitt skólanum meir en 150 kr., sem forseti mundi útborga þegar árstekjur sjóðsins væru innkomnar á komandi sumri.
- c. Bænarsskrá frá Jóni hreppstjóra Einarssyni á Laugalandi á Þelamörk, um styrk úr búnaðarsjóði amtsins handa syni sínum Guðmundi til búfræðisnáms á Hóla-skólanum, gat amtsráðið eigi veitt áheyrn.
8. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Norðurþingeyjarsýslu, að greiða mætti sýsluskrifara Birni Árnasyni 30 kr. þóknun úr sýslusjóði fyrir ritstörf á fundum nefndarinnar um næstliðin 5 ár.
9. Sýslunefndin í Norðurþingeyjarsýslu hafði beðið um samþykki amtsráðsins til þess að jafna mætti niður sem sýslusjóðsgjaldi þ. á. 20 aurum á hvert fasteignar og lausafjórðing, eða alls 438 kr. 46, sem nauðsyn væri á til þess að sýslusjóðurinn gæti staðizt þann kostnað, sem á honum hvíldi.

Fyrir árið 1887 var með leyfi amtsráðsins lagt á hvert hundrað 11 aurar, og það, sem má jafna niður nú eptir gildandi lögum er 309 kr. 73 a. Nú þarf eptir áætlun sýslunefndarinnar um tekjur og gjöld sýslusjóðsins fyrir 1888, að jafna niður alls 438 kr. 46 a., en samanlögð tala lausafjár og fasteignarhundraða Norðurþingeyjarsýslu eru talin 2912,3 og er þá eptir því nóg að láta lenda á hverju hundraði 15 aura, sem gjöra alls 436 kr. 84 a. Amtsráðið veitti leyfi sitt til að 15 aurum megi jafna niður á hvert hundrað, til sýslusjóðs Norðurþingeyjarsýslu á árinu 1888.

10. Amtsráðið samþykkti veitingarbrjef handa búfræðingi Hermanni Jónassyni sem skólastjóra búnaðarskólans á Hólum, og ennfremur reglugjörð fyrir skólastjóra. 70

Út af því, að stjórnarnefnd skólans hafði lagt undir úrskurð amtsráðsins reikning annars endurskoðanda skólareikningsins 18<sup>85/86</sup>, hjeraðslæknis Júlíusar Halldórs-sonar, að upphæð 54 kr. fyrir 9 daga, ályktaði amtsráðið að það væri rjett, að endurskoðandi fengi sömu þóknun í fæðispeninga og ferðakostnað, sem meðlimir stjórnarnefndarinnar og prófdómendur fá, sem sje 4 kr. á dag; skyldi því reikningurinn færast niður í 36 kr.

11. Forseti lagði fram ýms brjef viðvíkjandi hallærisláni úr landsjóði handa Húnavatns-sýslu og Skagafjarðarsýslu, og skýrði frá, að hann hefði samþykkt, að hvor sýslan mætti taka allt að því 10,000 kr. lán með þeim kjörum, að greiddir yrðu í árlega vöxtu 4 af hundraði, og lánin sjálf endurborguð með  $\frac{1}{10}$  árlega. Samkvæmt þessu hefur Skagafjarðarsýsla fengið 10,000 kr. lán, en Húnavatnssýsla kemst af með 7250 kr.

Amtsráðið fjellst á þessar gjörðir forseta.

12. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja 2. marz þ. á., um kostnað við fangahúsið á Akureyri, og hafði landshöfðingi þar tekið fram, að kostnaðurinn við *notkun* fangahúsa yrði eigi greiddur úr landsjóði samkvæmt 6. gr. í tilsk. 4. marz 1871, um bygging hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., sbr. lög 2. nóvbr. 1877, um breyting á gjöldum þeim, sem hvíla á jafnaðarsjóðnum, en þessi lög nefna eigi kostnað við *notkun* fangahúsanna, heldur kostnaðinn til *viðhalds* þeirra, sem skuli frá 1. jan. 1878 greiðast úr landsjóði, eins og kostnaður til sakamála og lögreglumála að því leyti, sem hann ber að greiða úr opinberum sjóði.

Að vísu hefur það nú viðgengizt að undanfögnu, að kostnaðurinn við *notkun* fangahúsanna, sem er fölginn í útvegum áhalda og viðhaldi þeirra, hreinsun fangahússins og greiðslu lóðargjalds (til Akureyrarkaupstaðar) og kirkjugjalds, hefur verið greiddur úr landsjóði, enda er með fleirum lögum, en lögum 2. nóvember 1877, ýmislegur kostnaður lagður á landsjóð, sem áður hvíldi á jafnaðarsjóðnum, sbr. lög 12. júlí 1878, um gjafsóknir, og lög 21. septbr. 1883, um að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsa, greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna, nje af bæjarsjóði Reykjavíkur. Með því samt gjörður er munur í áðurnefndri tilskipun 4. marz 1871 (sbr. 5. og 6. gr.) á kostnaði við *viðhald* og *notkun* fangahúsa, og að eins fyrnefndur kostnaður er nefndur í lögunum 2. nóvbr. 1877, ályktaði amtsráðið að notkunarkostnaðurinn skyldi greiddur af jafnaðarsjóði.

Að því leyti, er snerti kostnað til eldiviðar, þegar einhverjir fangar sætu í fangahúsunum, þá yrði sá kostnaður að ætlun amtsráðsins, að tilfærast á kostnaðarreikningum hlutadeigandi fanga, eptir því sem eyðzt hefði eldiviður hjá hverjum þeirra.

13. Framlagt var brjef landshöfðingja 31. jan. 1888, út af fyrirmælum hinna nógildandi fjárlaga 10. gr. C. 4. c., um styrk til búnaðarfjelaga og Eyðaskóla, en með því að tillögur sýslunefnda um útbýting styrks af þeirri upphæð, sem norður- og austuramtinu mundi hlotnast af nefndri fjárveiting, gátu eigi verið komnar til amtsráðsins, var umræðunum um þetta mál frestað til næsta aðalfundar.

Fleiri mál komu eigi til umræðu, og var því fundi slitið.

Akureyri 14. maímán. 1888.

*J. Havsteen.*